

1870.

21. júní.

um, sem segja sig úr skóla, er þeir hafa setið í 3. bekk B. og gengið undir fyrra hluta burtfararprófs, ekki verði leyft að ganga undir síðara hluta burtfararprófsins fyrir en eftir tveggja ára undirbúning, en að samt verði veitt skólastjórninni vald til að stytta þenna tíma til eins árs, ef skólameistari mælir með því, og pilturinn, sem í hlut á, er iðinn og efnalitill.

Um þetta mál hefir stjórnarráðið leitað álits kennslu-umsjónarmanns hinna lærðu skóla, og gefst yður til vitundar, til leiðbeiningar og svo þér kunngjörð það, að það verður eigi leyft lærisveinum, sem fara úr 3. bekk B. og eru þá ekki álitnir hæfir til að verða fluttir upp í 4. bekk, að ganga undir síðara hluta burtfararprófs fyrir en tvö ár eru liðin frá því að þeir fóru úr skóla. En að því er snertir hina síðari spurningu, þá verður stjórnarráðið að vera yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, samdóma í því, að það er á valdi skólans, að gjöra þá apturreka við inntökuprófið, sem ekki verða álitnir fullkomlega undirbúnir til þess að fylgja kennslunni í bekknum og hafa not af henni; svo verður og stjórnarráðið að vera yður einnig samdóma í því, að það sé óleyfilegt, að halda próf fyrir þá á öðrum tímum en þeim, er hin reglulegu próf fara fram.

21. júní.

49. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um endurgjald kornláns.

Í bréfi, dagsettu 21. febrúarm. þ. á., hafð þér, herra amtmannur, sókt um, að frestur verði veittur til 31. desembr. þ. á. á borgun fyrir 10 tunnur af korni, sem þér hafð keypt fyrir Jóns Sigurðssonar legatið til útbýtingar handa fátæklingum í Eyjafjarsýslu af þeim kornfarmi, sem með ráðstöfun stjórnarráðsins var fluttur til Hofsóss haustið 1867, með því skilyrði, að verð kornsins með vöxtum verði endurgoldið innan 31. desembr. s. á. Útaf þessu er yður hère með til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörð það, að, þaræð stjórnarráðinu

1870.
21. júní.

þykir sér ekki fært að breyta útaf þeim reglum um endurgjald kornsins, sem settar voru með bréfi stjórnarráðsins 4. oktbr. 1867¹ og samþykktar með konungsúrskurði 24. desembr. s. á., verður samkvæmt þessum reglum um endurgjald þess verðs, sem sett var á hinar fyrnefndu 10 tunnur af korni, þegar að borga $\frac{2}{7}$ parta uppí verðið, og í vöxtu af allri upphæðinni 4 rd. af 100 á ári frá 1. aprílm. 1869, og af $\frac{6}{7}$ þörtum af upphæðinni frá 1. apríl 1869 til 1. apríl þ. á., en það, sem eftir er, má standa, einsog þér, herra amtmaður, hafið sókt um.

50. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um póstferðir þar í umdæminu.

21. júní.

Í bréfi, dagsettu 8. febrúarm. þ. á., hafið þér, herra amtmaður, meðal annars skýrt frá, að þeir 400 rd., sem samkvæmt bréfi stjórnarráðsins 25. febrúar f. á.² eru ætlaðir til póstferða í norður- og austurumdæminu, hrökkvi eigi til að standast kostnað á hinum venjulegu póstferðum í umdæminu, og að þér sökum þess hafið neyðzt til að taka af eina ferðina til Reykjavíkur og tvær ferðir frá Eskifirði til Akureyrar. Í bréfi, dagsettu 20. s. m., hafið þér því næst farið þess á leit, til að bæta póstgöngurnar í umdæminu, sem með þessu fyrirkomulagi yðar eru ónógar: að einni eða tveimur af þeim sjö ferðum, sem til ætlazt er að póstgufuskipið fari til Reykjavíkur, verði sleppt, gegn því, að skipið komi við Norðurland á hinum ferðunum, á þann hátt, sem þér hafið nákvæmlegar tiltekið í bréfi yðar.

Útaf þessu er yður hërmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að þaræð til er ætlazt í bréfi stjórnarráðsins 25. febrúar f. á., að svo geti farið, að nauðsyn beri til að fara út yfir þá upphæð, sem ætluð er til póstferða í hverju umdæmi, og svo fyrir

¹) Tibindi um stjórnarmálefni Íslands II., 473.

²) Tibindi um stjórnarmálefni Íslands II., 592.